

Fundargerð 481. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, þriðjudaginn 17. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 480. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 480. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 16. febrúar 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Virðisaukaskattur á hringsiglingaskip - 2601003HA

Farið yfir stöðu mála. Magnús Baldursson, lögmaður hjá Lagastoð, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir mati hans á breyttri túlkun Skattsins á virðisaukaskatt af skemmtiferðaskipum sem eru í hringsiglingum við Ísland.

Stjórn felur starfsfólki að taka saman minnisblað um málið til að upplýsa aðildarhafnir um framkvæmd virðisaukaskatts af skemmtiferðaskipum sem eru í hringsiglingum. Jafnframt var formanni falið að taka málið upp við Samgöngustofu til að breyta skráningum hringsiglingaskipa í Safeseanet.

Magnús Baldursson vék af fundi kl. 11:35.

3. Afmörkun og skilgreining hafnarsvæða - 2509011HA

Lagðar fram leiðbeiningar innviðaráðuneytisins um afmörkun hafnarsvæða, dags. 2026.

Starfsfólki falið að vekja athygli aðildarhafna á leiðbeiningunum og mikilvægi þess að ljúka endurskoðun ákvæða hafnarreglugerða fyrir áramót.

4. Gjaldtaka hafna - mismunandi aflagjöld - 2603001HA

Lagt fram erindi Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda um möguleg brot á jafnræðisreglu og mismunun við gjaldtöku hafna landsins, dags. 19. febrúar 2026. Einnig lagt fram álit Samkeppniseftirlitsins 2/2012, dags. 19. nóvember 2012, um mótun löggjafar um fiskveiðistjórnun - lóðrétt samþætting útgerðar og fiskvinnslu. Í erindi SFÚ hvetur stjórn þeirra stjórn Hafnasambands Íslands til að tryggja að samkeppnissjónarmið ríki við gjaldtöku og tryggja að einn aðili greiði ekki meira en annar fyrir sama verk.

Stjórn þakkar fyrir erindið og vekur athygli á því að innviðaráðuneytið stefnir á endurskoðun á gjaldakafla hafnalaga og munu fulltrúar hafnasambandsins hafa þessi atriði í huga við endurskoðun hafnalaga.

5. Endurskoðun hafnalaga nr. 61-2003 - 2510007HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu á endurskoðun hafnalaga.

6. Skýrslan Strandsiglingar í alfaraleið - hvað þarf til? - 2510004HA

Lögð fram skýrslan Strandsiglingar í alfaraleið - hvað þarf til?, dags. í febrúar 2026.

Að fundi loknum fundaði stjórn með Isabelle Ryckbost, framkvæmdastjóra ESPO (Evrópska hafnasambandinu).

Fundi var slitið kl. 12:00